

Geimverurnar sem stálu jólunum

Í byrjun desember langt, langt frá sólkerfinu okkar á plánetunni Sófus voru geimverurnar að undirbúa sig fyrir jólin. Þær áttu ekkert jólaskraut svo þær ákváðu að stela jólaskrauti frá einhverri nálægri plánetu. Geimverurnar fóru því í geimskipin sín og flugu um geiminn þar sem þær sáu óvenjulega mikinn ljósbjarma frá einum hnettinum. Þær ákváðu að skoða það nánar. Þegar nær dró sáu þær að mesta ljósið kom frá lítilli eyju norðanlega á hnettinum. Þær ákváðu að lenda á þessari eyju sem heitir Ísland. Þar stálu þær allskonar jólaskrauti eins og t.d jólaseríum, jólatrjám, jólakúlum, jólakrönsum, jólasveinum og margt fleira. Síðan náðu þær líka að nappa IKEA geitinni áður en nokkur náði að kveikja í henni.

Á Íslandi bjó 13 ára strákur sem heitir Magnús, nánar tiltekið í Vesturbænum. Magnús var ljóshærður, brúneygður, hávaxinn og með mjög mikinn athyglisbrest. Þetta desemberkvöld var Magnús að horfa á Netflix og gleymdi sér aðeins og rankaði við sér allt í einu um þrjú leytið um nóttina þegar hann sá grænt skært ljós koma inn um gluggann sinn. Hann kíkti út um gluggann og þar sá hann geimskip geimverana. Hann ákvað að fara út að skoða geimskipið. Þegar hann var kominn út fór hann inn í skipið og byrjaði að skoða það. Allt í einu komu geimverurnar aftur með allt “dóterið” sem þær höfðu stolið inn í skipið og byrjuðu að fljúga aftur til Sófus. En Magnús var fastur í geimskipinu og byrjaði að fríka út !!!

Magnús byrjaði allt í einu að gráta og þá tóku geimverurnar eftir honum og þeim brá svo mikið að geimskipið byrjaði að hrapa og þau rotuðust. Geimskipið hrapaði á plánetunni Santus sem er heimili gamla jólasveinsins sem heitir Santus. Santus bjó einu sinni á Norðurpólnum og var aðal jólasveinninn þangað til að hann var rekinn af Norðurpólnum. En það var gert þegar fundið var út að hann hefði kveikt í IKEA geitinni mörg ár í röð. Þegar Magnús og geimverurnar vöknuðu aftur fóru þær að rífast á sitthvoru tungumálinu en á endanum föttuðu þau að geimskipið var ónýtt. Magnús og geimverurnar komust svo að samkomulagi um að hjálpa hvort öðru heim. Þau gengu í marga klukkutíma áður en þau koma að húsi Santusar. Þau læddust inn í bílskúr Santusar og reyndu að stela geimskipinu hans. En þau náðu því ekki því að jólageit Santusar, sem heitir Manni, stoppaði þau með því að stanga þau því að hann var með svarta beltið í karate og þau rotuðust.

Geimverurnar og Magnús vöknuðu í fangaklefa sem var fullur af öðrum geimverum. Jólageitinn Manni var að gæta þeirra, en Magnús vissi hvernig ætti að dáleiða, vegna þess að mamma hans er dávaldur og hann hafði oft séð mömmu sína dáleiða fólk og ákvað að prófa að dáleiða Manna jólageitina. Það virkaði svo að þau frelsuðu líka hinar geimverurnar. Þau læddust aftur inn í bílskúr og þar var Santus að þvo geimskipið sitt svo þau gátu ekki tekið það. Magnús með allan

sinn athyglisbrest sá eitthvað hulið undir rauðum dúk. Hann réð ekkert við sig og varð að kíkja undir dúkinn. Þar var gamli fyrsti jólasleðinn sem var “Made in hurry” og þau ákváðu að prufukeyra (fljúga) sleðanum. En þeim vantaði hreindýr, svo að Magnús dáleiddi Manna jólageitina og sagði henni að hún væri hreindýr og hún trúði því og flaug með þau heim á sleðanum.

Köttur út í mýri, úti er ævintýri.

Sofie von Sófus
8.KMG